Reikningar borgarinnar fyrir árið 1976 lagðir fram:

Rekstrargjöld borgarinnar 550 milljónum króna fram úr áætlun

— sem er mun verri útkoma en árið áður þrátt fyrir minni verðbólgu

Nokkrar umræður urðu á fundi borgarstjórnar sl. fimmtudag er reikningar borgarinnar fyrir árið 1976 voru lagðir fram til fyrri umræðu. Borgarstjórinn Birgir Ísleifur Gunnarsson, gerði grein fyrir reikningunum en síðan töluðu fulltrúar flokkanna.

Í ræðu sinni benti Björgvin Guðmundsson, borgarfulltrúi Alþýðuflokksins, á mikla umframeyðslu frá fjárhagsáætlun 1976, en samkvæmt reikningunum fóru rekstrargjöld borgarinnar um 550 milljónir fram úr áætlun eða um 10%.

Þetta á sér stað þrátt fyrir að fjárhagsáætlun fyrir árið 1976 var ekki afgreitt fyrr en 18.marz það sama ár, en ekki í desember árið áður eins og venjan er. Þess er vert að geta að þegar áætlunin var samþykkt var lokið gerð nýrra kjarasamninga og því nokkuð ljóst hver aukning yrði á launalið áætlunarinnar. Björgvin benti einnig á að fjárhagsáætlun ársins 1975 hefði staðizt í megin atriðum. Þess má svo geta í leiðinni að þetta lítur nokkuð skringilega út þegar þess er gætt að verðbólga var mun meiri árið 1975 en 1976 eða 50% móti 20%.

Umframeyðslan var mest á liðnum gatnagerð eða um 200 milljónir, en einnig var farið mikið fram úr áætlun á stjórn borgarinnar (43 milljónir) og í sambandi við fasteignakaup á vegum borgarinnar þar sem umframeyðslan varð um 90% (24 milljónir).

Í þessu sambandi benti Björgvin á að hér væru borgarstjóri og embættismenn borgarinnar að ráðstafa fjármunum án samþykkis réttra aðila, þ.e.a.s. borgarstjórnar, og taldi Björgvin að rétt hefði verið að fá samþykki hennar fyrir fjárútlátum þessum.

Tekjur einnig fram úr áætlun.

Tekjur borgarinnar fóru einnig fram úr áætlun, um sem svaraði 850 milljónum króna og urðu því heildartekjur 8,7 milljarðar. Hér er aðallega um að ræða aukna fjárveitingu úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem nam 140 milljónum og aukningu af benzíngjaldi og gatnagerðargjaldi sem nam 461 milljón króna. Þá varð einnig umtalsverð tekjuaukning vegna dráttarvaxta á skattagreiðslum.

Uggvænleg þróun lánamála borgarinnar.

Í ræðu sinni vakti Björgvin einnig athygli á þróun lána borgarinnar og fyrirtækja hennar. Bókfærð lán hækkuðu úr 7 milljörðum í 7,7 milljarða á einu ári, þar af hækkuðu erlendar skuldir úr 5,1 milljarði í 5,9 milljarða á árinu, eða um 800 milljónir. Hluti þessara hækkunar er til kominn vegna gengissigs krónunnar, en gengistöp vegna erlendra lána færð til afskrifta árið 1976 námu um 1.7 milljarði króna.

Sem dæmi um þá þróun í lánamálum sem átt hefur sér stað að undanförnu nefndi Björgvin lán sem tekið var í kjölfar síðustu borgarstjórnakosninga árið 1974 og nefnt hefur verið kosningavíxillinn. Lán þetta, sem nam 600 milljónum, var tekið í Landsbankanum og það jafnframt áskilið að því yrði breytt í erlent lán. Nú stendur eftir af þessu láni 574 milljónir króna. Bókfært gengistap af láninu nemur nú 86 milljónum króna og á síðasta ári námu vextir 63 milljónum króna. Björgvin kvað þessar tölur sýna að víxill þessi væri orðinn Reykvíkingum nokkuð dýr.

Sýningu Jóns Gunnarssonar lokið


Nú um síðustu helgi lauk á Kjarvalsstöðum málverkasýningu Jóns Gunnarssonar listmálara, en hann sýndi nú 76 vatnslitamyndir, flestar málaðar á þessu og síðastliðnu ári.

Þetta er áttunda einkasýning Jóns, en hann hefur einnig tekið þátt í mörgum samsýningum bæði hér á landi og erlendis.

Aðsókn að sýningunni var mjög góð og seldust um 30 myndir. Sýningin var opin frá 11. til 19. júní.

Flestar myndirnar á sýningunni eru málaðar af umhverfi náttúrunnar á suð-vestur horni landsins, um Reykjanes, í Hafnarfirði og í Reykjavík. Mótívin eru gjarnan tekin frá sjávarsíðunni, eins og nöfn eftirfarandi mynda bera með sér: Brotinn bátur, Brim við ströndina, Endabauja, Klettur við hafið, Fjörugrjót, Kvöld við hafið, Innstimið, Strandið, Á miðunum, Hús á ströndinni og Sorfið grjót.

Þá má einnig sjá hraunmyndir, myndir af fjöllum og landslagi, fuglum, húsum og fólki. Þessi sýning á verkum Jóns Gunnarssonar er mjög heilsteypt enda ein bezta sýning expressioniskra vatnslitamynda sem sett hefur verið upp í höfuðborginni í lengri tíma. — BJ.



Veizla aldarinnar við Ísafjarðardjúp

Þann 17. júní var haldin gríðarmikil veizla í nýju félagsheimili á Snæfjallaströnd við Ísafjarðardjúp. Veizluna hélt Kjartan Halldórsson frá Bæjum á Snæfjallaströnd í tilefni af sextugsafmæli sínu og jafnframt vegna 30 ára hjúskaparafmælis hans og konu hans Kristínar Þorsteinsdóttur.

Til veizlunnar bauð Kjartan öllum íbúum sveitarinnar en auk þeirra kom mikið fjölmenni víðsvegar að, þar á meðal margir úr Reykjavík.

Djúpbáturinn Fagranes sá um að flytja gesti í veizluna og úr og beið skipið á meðan á henni stóð.

Veizlugestir sem urðu flestir rúmlega þrjú hundruð, þáðu bæði mat og drykk af þeim hjónum og að borðhaldi loknu var stiginn dans fram undir morgun.

Þriggja manna hljómsveit af Ísafirði lék fyrir dansi, en einnig lék forseti bæjarstjórnar í Bolungarvík af fingrum fram um nokkurn tíma.

Margar ræður voru fluttar afmælisbarninu og konu hans til heiðurs og meðal ræðumanna má nefna alþingismennina Sigurlaugu Bjarnadóttur og Gunnlaug Finnsson.

Kjartan Halldórsson sem er fæddur á Bæjum á Snæfjallaströnd hefur verið búsettur í Reykjavík um árabil og ásamt konu sinni m.a. rekið smurbrauðsstofuna Brauðborg og veitingastaðinn Ingólfsbrunn.

—GEK.



Kjartan Halldórsson og kona hans Kristín Þorsteinsdóttir við veizluborðið. — mynd — GEK.

Auglýsendur!

AUGLÝSINGASÍMI BLAÐSINS ER 14906

Fjögur banaslys um þjóðhátíðarhelgina:

Tvö ungmenni drukknuðu

Aðfaranótt 17. júní drukknuðu tvö ungmenni í Elliðavatni. Þau höfðu farið síðla nætur út á bátkænu og róið út á vatnið. Bátnum hvolfdi með fyrrgreindum afleiðingum. Lögreglan fékk tilkynningu um hádegi 17. júní, að bátur hefði sézt á hvolfi á Elliðavatni. Er lögreglan kom á staðinn fann hún lík ungu stúlkunnar við bátinn og lík mannsins fannst skammt frá. Þau sem létust hétu Jón Sævarr Gunnarsson til heimilis í Garðabæ og Katrín Guðjónsdóttir til heimilis í Reykjavík.

Beið bana í árekstri

Síðdegis síðastliðinn laugardag varð banaslys nálægt Vindáshlíð í Kjós. Tveir bílar rákust saman af miklum krafti með þeim afleiðingum að bílstjóri annars þeirra beið bana og kona hans slasaðist mjög mikið. Ungt barn þeirra hjóna er var í aftursæti bílsins mun ekki hafa slasazt mikið. Ökumaður hinnar bifreiðarinnar hlaut höfuðmeiðsli en slasaðist ekki mjög alvarlega.

Sá sem lézt hét Einar Pálsson forstjóri í Reykjavík, og mun hann hafa komið akandi eftir Þingvallavegi, er slysið átti sér stað. Hinn bíllinn kom í átt frá Hvalfirði, og mun ökumaður hans hafa verið þar við veiðar.

Féll fram af háum kletti

Þriðja banaslysið um þjóðhátíðarhelgina varð um miðnætti síðastliðins laugardags. 33 ára gamall maður féll fram af háum kletti í Vestmannaeyjum. Nafn mannsins er ekki hægt að birta að svo stöddu, hann var ókvæntur en lét eftir sig börn.

—AB